

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 125/1994.

Jóhanna Tryggvadóttir,

Evrópuferðir og

Jónas Bjarnason

(sjálf)

gegn

Sparisjóði Hafnarfjarðar

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Kærumál. Vixilmál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttar-dómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 9. mars 1994, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefjast sóknar-aðilar þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og heimil-að verði, að sjö tilgreindir menn verði kvaddir fyrir dóm til skýrslu-gjafar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði stað-festur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að stað-festa hann.

Sóknaraðilar skulu sameiginlega greiða varnaraðila kærumáls-kostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Jóhanna Tryggvadóttir, Evrópuferðir og Jónas Bjarnason, skulu sameiginlega greiða varnaraðila, Sparisjóði Hafnarfjarðar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. febrúar 1994.

Stefna í máli þessu var þingfest 7. desember 1993.

Málið var tekið til úrskurðar 22. febrúar sl. um ágreining aðila hvort heimila skuli yfirheyrslur yfir tilteknum vitnum.

Stefnandi er Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8, Hafnarfirði.

Stefndu eru Jóhanna Tryggvadóttir, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, persónulega og f. h. einkafirma hennar, Evrópuferða, kt. 470984-1049, Klapparstíg 27, Reykjavík, og Jónas Bjarnason, kt. 161122-2119, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verið in solidum dæmd til greiðslu skuldar skv. víxli, að fjárhæð kr. 2.196.073, með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10.11. 1993 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á sýningarvixli, út gefnum 27.10. 1993 af Evrópuferðum og samþykktum af Jóhönnu Tryggvadóttur. Vixillinn er ábektur af Jónasi Bjarnasyni. Í stefnu segir að vixillinn hafi verið settur til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi nr. 3640 við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Vixillinn var útfylltur af stefnanda hvað varðar fjárhæð og útgáfudag og sýndur til greiðslu þann 10.11. 1993.

Í þessum þætti málsins deila aðilar um hvort heimila eigi vitnaleiðslur. Stefndu krefjast þess að eftirtalin vitni verði leidd fyrir dóminn:

Hjörtur Torfason hæstaréttardómari, Hrafnkell Ásgeirsson hrl., Guðný Höskuldsdóttir lögfræðingur, Þorkell Skúlason löggiltur endurskoðandi, og fyrrverandi starfsmenn Evrópuferða, þau Halldór Ástvaldsson, Helga H. Magnúsdóttir og Jóhanna Björnsdóttir.

Halda stefndu því fram að vitni þessi geti borið um meint misferli og fjárdrátt sem hafi orðið þess valdandi að vixillinn í Sparisjóði Hafnarfjarðar varð hærri en efni stóðu til.

Stefnda Jóhanna hafi undirritað tékka, sem hún hafi treyst starfsmönnum sínum til að fylla rétt út. Það hafi hins vegar brugðist og því hafi yfirdráttur á tékkareikningi stefndu hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar orðið hærri en ef rétt hefði verið haldið á málum.

Stefnandi mótmælir að ofangreind vitni komi fyrir dóm. Framburður þeirra sé málinu óviðkomandi þar sem mál þetta sé rekið sem víxilmál. Hins vegar hefur stefnandi ekki gert athugasemd við kröfu stefndu um að nokkrir tilgreindir starfsmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar komi fyrir dóm.

Niðurstaða.

Samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991 um afbrigðilega meðferð einkamála í héraði eru aðalafbrigðin frá venjulegum réttarfarsreglum, sem um víxilmál gilda, fólgin í því tvennu, að réttur varnaraðila til að bera fram varnir um efni málsins og til þess að hafa uppi í málinu gagnkröfur til skuldajafnaðar eða sjálfstæðs dóms er stórum takmarkaður. Réttarfarshagræði þau, sem víxilhafa eru veitt með þessu, miða að því að gera víxilmál sem einföldust og óbrotnust og að gera með því málsóknina greiðari fyrir sækjandann. Með reglum þessum er fyrir það girt, að viðskipti þau, er bak við víxilinn liggja, verði dregin inn í víxilmálið, og er með því tryggt gildi víxilskuldarinnar sem formskuldar. Í 118. gr. laga nr. 91/1991 eru taldar upp varnarástæður sem unnt er að bera fram í víxilmáli. Sú varnarástæða stefndu, að skuldin á bak við víxilinn sé lægri en stefnukröfur segja til um, getur því ekki samkvæmt framansögðu komið til álita, þar sem um er að ræða málsástæðu, sem ekki kemst að í víxilmáli. Vitnaleiðslur til sönnunar þessari málsástæðu eru því þýðingarlausar eins og hér stendur á. Hins vegar geta stefndu samkvæmt 2. mgr. 119. gr. laga nr. 91/1991 höfðað mál á hendur stefnanda eftir almennum reglum.

Samkvæmt framansögðu verða framangreindar vitnaleiðslur ekki heimil-
aðar. Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í þessum þætti málsins.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er um framangreindar vitnaleiðslur.
